

Glugginn

Ást við fyrsta egg

DAG einn í fyrri stöð Piet Gans, 28 ára að aldri, í þökkunarsal stórs eggjaútflutningsfyrirtækis í Amsterdam og lét sér leiðast. Það er orsökinn fyrir því að hann er nú kominn í hamingjusamt hjóna band með erlendri stúlku.

Í leiðindum sínum tók hann upp á því að grípa eitt eggð úr kassanum og skrifa nafn sitt og heimilisfang á það. Og gleymdi tiltækinu fljótlega.

En eggð hélt sína leið. Kassinn með því var sendur til Bochum

í Vestur-Þýskalandi og þar hafn aði hann í eldhúsinu í sjúkrahúsi staðarins. Þegar hin 26 ára gamla eldhússtúlka Erika Palussek ætlaði nokkrum dögum síðar að búa til ómelettu handa einum sjúklingnum, varð hún ekki lítið hissa þegar hún sá skrifað skýrum stöfum á eggð: Piet Gans, Oostzaan, Hollandi. Erika bjó til ómelettuna, en lagði áletrunina á minnið og um kvöldið setti hún sig niður og skrifaði langt og hlýlegt bréf til Piets, þar sem hún sagði frá sjálfri sér, heimili sínu og vinnu sinni á sjúkrahúsinu.

Piet varð auðvitað hinn kátasti þegar hann fékk þetta svar við eggkveðju sinni og skrifaði Eriku um hæl. Nú var bréfasamband milli þeirri komið á. Um nýárið var Eriku boðið í heimsókn til Piets og foreldra hans í Oostzaan. Hún þá boðið og sú vinátta, sem með þeim hafði þróast breyttist í ást á þeirri stundu, sem þau sáu. Þegar Erika hélt aftur heim til Bochum var hún gljáandi gullhring ríkari.

Og til hvers trúlofast maður? Vitaskuld til þess að giftast og það helzt sem fyrst. Svo Piet fékk nóg að gera við að útvega íbúð og annað þvumlíkt... Dag nokkurn í vör var brúðkaupið haldið í litlu kirkjunni í Oostzaan. Fyrir utan kirkjudygnar mynduðu vinnufélagar Piets skjaldborg — allir með egg í hægri hendi.

Þeir eru margir ókvæntir hjá fyrirtækinu og nú er mikið skrif að af eggjakveðjum þar. Hingað til hefur þó ekki frétt um jafn góðan árangur hjá fleirum.

En Piet og Erika eru hamingjusóm. Tvö linsóðin egg eru fastur þáttur í morgunverðinum hjá þeim dag hvern.

Gudað á glugga


MAÐUR nokkur var fyrir skemmstu kallaður fyrir rétt í New York ákærður fyrir að hafa seint um kvöld gægt mjög náð inn um fjölda svefnherbergisglugga, í stuttu máli hagað sér sem hinn veggilegasti „Peeping Tom“.

— Hvað getið þér sagt yður til varnar, spurði dómariinn.

— Þetta er allt saman hræðilegur misskilningur. Ég hef í hyggju að taka á leigu íbúð í hverfinu og vildi bara fullvissa mig um, að ekki byggj annað en skikkantlegt og siðprútt fólk í nágrenninu.



Piet og tveir af vinnufélögum hans. Fleiri hafa skrifað nöfn sín á eggin síðan hann gerði það.



Erika og Piet Gans: — Tvö linsóðin egg á hverjum morgni.

Hjátrúin blómstrar

EKKI verður þess langt að bíða, að fyrsti maðurinn lendi á tunglinu. En hér niðri á jörðinni lifir dularfylli og svartigaldur góðu lífi. Viða um heim trúna menn á nornir og djöfla og þeirra gerðir. Allra verst er ástandið í Vestur-Þýskalandi. Þar hefur hjátrúin aldrei átt betri daga síðan á miðöldum.

Þessar upplýsingar koma frá dr. phil. Johan Kruse í Hamborg, og hann ætti að vita um hvað hann talar, þar sem hann hefur í 40 ár stjórnað einkarannsóknarstofu, sem reynir að grafast fyrir um orsakirnar fyrir hjátrúarþörf manna og hamla gegn þeim.

Rannsókn, sem nýlega hefur far

ist fram, hefur leitt það í ljós, að í allt munu vera starfandi í sambandslýðveldinu um það bil 10.000 „normalæknar“, sem hagnast vel á því að selja kraftaverkamixt úrur sínar. Hér er eitt dæmi um lyfseðil frá þessum heiðursmönnum: „Skerið eyrað af svörtum ketti og látið blóðið drjúpa á brauðbita, etið þetta síðan í tunglslísi. Þetta er óbrigðult við hitasótt“.

Þetta hljómar fátíðlega, en þetta er langt frá því að vera versta dæmið í safni dr. Kruse. Sum læknisráðanna geta verið beinlínis lífshættuleg og mjög oft hafa þau í för með sér viðbjóðslegar misþyrmingar e dýrum.

En gera ekki yfirvöldin eitt-hvað í slíkum málum? Jú, að svo miklu leyti, sem lögin leyfa. Á hvert eru um það bil hundrað manns dæmd annað hvort fyrir að gefa út þessa lyfseðla eða fyrir að fara eftir þeim. En það virðist ekkert lát á ósomanum og oft hafa yfirvöldin ekki nægar lagaheimildir til þess að grípa inn í gang mála.

Eitt dæmi um þá ótrúlegu ósvífni, sem vestur-þýskir nornalæknar sýna trúgjörnum löndum — og þeir síðarnefndu gleypa við. Þetta er „skjaldarmerki Lúsifers“. Menn eiga að klippa það út og bera á sér, segir textinn, og þá mun öll illska halda sig í hæfilegri fjarlægð!



Upp komast svik um síðir

PERICLES Chritarides, þrekvaxinn og peningalaus Kypurbúi, hélt sig hafa fundið örugga leið til þess að afla sér 750.000 sterlingspunda (80 milljóna íslenskra króna).

Hann safnaði saman í Aþenu fjórum félögum sínum úr hernum sér til hjálpar.

Hann byrjaði á því að koma í kring fölsun á 150.000 fimmpunda-seðlum, sem hann ætlaði að leggja inn í banka í Nicosia, en vinur hans var gjaldkeri þar.

Síðan ætlaði Pericles að taka upphæðina út nokkrum dögum síðar í ófölsum seðlum, en vinur hans ætlaði að sjá svo um að fölsuðu seðlarnir brynnu fyrir „misskilning“ til þess að losna við allan grun.

En Pericles þurfti að fara svo oft á milli Aþenu og Kýpur meðan hann var að koma þessu í kring, að yfirvöldin tók að gruna hann — um smygl.

Með því að hafa stöðugt auga með honum í von um að koma upp um smyglara, komst lögreglan í Aþenu að raun um tiltæki Periclesar og þessa dagana er hann og stríðsfélagar hans bak við lás og slá.

ÞAÐ voru haldnir góðgerðatónleikar áhugamanna í garði prestsins í skoðku þorpi og komið var að Sandy að leika á sekkjapípu. Hann vakti almenna hrifningu og einn áheyranda hrópaði: Spilaðu nú fyrir okkur Annie Laurie, Sandy!

— Ha, sagði Sandy steinhissa, — aftur?

David Low og Hitler

BREZKI skopteiknarinn sir David Low, sem er nýlátinn og Churchill gamli kallaði eitt sinn „heimsins bezt“, var eins og kunnugt er í mörg ár sérfræðingur í skopmyndum af Hitler.

Hann fékk það áþreifanlega sannað eftir stríðið, að hann hefði stundum komið



við kvikuna á einræðisherranum.

Meðal hinna mörgu þýzku skjala, sem þá fundust, var listinn yfir þá Englendinga, sem skyldu handteknir þegar í stað af Hitler tækist að her nema landið. Strax á eftir nöfnum ráðherranna stóð: David Low, teiknari.